

KJARASAMNINGUR

Launanevndar sveitarfélaga

og

Verkalýðsfélagsins Hlífar

vegna starfsmanna áhaldahúsa og þjónustumiðstöðva

1. gr.

Kjarasamningur Launanevndar sveitarfélaga og Verkalýðsfélagsins Hlífar sem undirritaður var þann 17. febrúar 2006 kemur að fullu og öllu í stað áður gildandi kjarasamnings milli framangreindra aðila vegna starfsmanna áhaldahúsa og þjónustumiðstöðva að teknu tilliti til annarra greina samnings þessa.

2. gr.

Við grein 1.3 um röðun í launaflokka í kjarasamningi, skv. 1. gr. samnings þessa, bætist eftirfarandi:

| | |
|-------------|---------------------------------------|
| Lfl. | Starfsheiti |
| 115 | Sumarvinnufólk, almenn garðyrkjustörf |
| 115 | Verkamaður I |
| 117 | Verkamaður II |
| 117 | Tækjamaður I |
| 122 | Tækjamaður II |

Nánari lýsing á framangreindum starfsheitum er í fylgiskjali I

3. gr.

Um vinnutíma starfsmanna hjá Hafnarfjarðarkaupstað gildir auk ákvæða í framangreindum kjarasamningi sérstakt samkomulag um vinnutíma í áhaldahúsi, dags. 10. apríl 1978.

4. gr.

Við grein 8.2.5 í kjarasamningi, skv. 1. gr. samnings þessa, bætist nýr stafliður svohljóðandi:

- e) **Starfsmenn áhaldahúsa og þjónustumiðstöðva** skulu fá til skipta regngalla, buxur og jakka, samfesting/slopp, úlpu, kuldagalla, öryggisskó, vinnuvettlinga og gúmmívettinga.

5. gr.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, m.s.b. Atkvæðisrétt um samning þennan eiga eingöngu félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar sem eru ráðnir hjá Hafnarfjarðarkaupstað og Garðabæ og starfa í áhaldahúsi eða þjónustumiðstöð.

Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 15:00 þann 26. apríl 2006, skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 27. mars 2006

F.h. Launanevndar sveitarfélaga,
með fyrirvara um staðfestingu nefndarinnar

F.h. Verkalýðsfélagsins Hlífar,
með fyrirvara samþykki
hlutaðeigandi félagsmanna:

Bókanir

Bókun I

Þeir starfsmenn sem við undirritun samnings þessa hafa áunnið sér fleiri orlofsdaga en getið er um í kjarasamningi, skv. 1. gr., skulu halda þeim rétti.

Bókun II

Við fyrstu útborgun samkvæmt samningi þessum greiðist kr. 30.000 eingreiðsla til starfsmanna sem falla undir samning þennan og eru í starfi þá í réttu hlutfalli við starfshlutfall.

Bókun III

Þeir starfsmenn sem við undirritun samnings þessa hafa valið að fá kaup sitt greitt á tveggja vikna fresti, skv. grein 1.4.3 í áður gildandi kjarasamningi, skulu halda þeim rétti. Óski vinnuveitandi eða einstaka starfsmenn þess að laun verði greidd mánaðarlega í samræmi við ákvæði kjarasamnings skv. 1. gr. samnings þessa skal heimilt að gera um það sérstakt samkomulag.

Bókun IV

Aðilar eru sammála um, að þeir starfsmenn, sem störfuðu á vinnuvélum og bifreiðum við samning gerðan í apríl 1987 og höfðu svokallaða smurpeninga, skuli fá 7% álag á laun. Þeir sem síðar kunna að hefja slík störf eiga ekki rétt til þessa álags.

Fylgiskjal I

Starfsheiti og stutt lýsing.

Sumarvinna, almenn garðyrkjustörf

Almenn störf að sumarlagi.

Verkamaður I

Almenn verkamannastörf

Verkamaður II

Sérhæfð verkamannastörf

Tækjamaður I

Stjórnendur dráttarvéla og minni véla.

Tækjamaður II

Stjórnendur stærri vinnuvéla